

Alþingi
Erindi nr. P 13S/2810
komudagur 19.S. 2008

Grímsnesi, 16. maí 2008.

Formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Mér barst í dag dagskrá fundar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar fyrir fund okkar nk. mánudag. Þar eru kallaðir til sem gestir fulltrúar utanríkisráðuneytisins, í annað sinn fulltrúar LÍÚ, sóttvarnarlæknir og í annað eða þriðja sinn fulltrúar Matvælastofnunar. Ég geri kröfu til þess að á fundi nefndarinnar nk. þriðjudag verði kallaðir fyrir sem gestir, formaður matvælasviðs Starfsgreinasambandsins, Aðalsteinn Baldursson, Margrét Guðnadóttir, fyrrverandi prófessor, Sigurður Jóhannesson, formaður Landssambands sláturleyfishafa, formaður og aðrir fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Eggert Gunnarsson, dýralæknir, Keidum, formenn og framkvæmdastjórar hagsmunasamtaka svínabænda, eggjaframleiðenda, kjúklingabúa, talsmenn Reykjaráðs hf. og Þórólfur Gíslason, framkvæmdastjóri Kaupfélags Skagfirðinga. Jafnframt tel ég afar brýnt að öllum umsagnaraðilum gefist í framhaldinu, sem tilteknum gestum nefndarinnar nk. mánudag, kostur á að koma fyrir nefndina og skýra umsagnir sínar, burtséð frá því hvort þeir hafi komið fyrir nefndina áður en þeir veittu umsagnir.

Sérstaklega geri ég kröfu til þess að fyrir fundinn nk. mánudag liggja öll gögn utanríkisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um feril málsins frá upphafi til enda viðræðna við ESB. Þar tiltek ég meðal annars kröfugerð ESB í málinu og öll gögn önnur frá sambandinu, kröfugerð nefndra ráðuneyta, bréf og tölvupósta sem hafa farið á milli samningsaðila, greinargerðir, nótur og minnispunkta, fundargerðir og minnisblöð og útskriftir af skjalaskráum nefndra ráðuneyta yfir öll send eða móttækin skjöl vegna málsins samkvæmt gildandi skjalaskráningarkerfi. Sama krafa er gerð á hendur Matvælastofnun, fyrirrennrum hennar og yfirdýralækni. Jafnframt að gestir nefndarinnar nk. mánudag komi fyrir nefndina á nýjan leik þegar nefndarmönnum hefur gefist tóm til að kynna sér umkrafin gögn til hiðtar.

Í þessu samhengi geri ég eindregna kröfu til þess, sbr. ítrekaðar óskir mínar á fyrri fundum nefndarinnar um málið, að öll skjöl sem fela í sér skuldbindingu Íslands um að falla frá umsáminni undanþágu Íslands samkvæmt EFTA samningnum varðandi búfjárafurðir verði lögð fyrir nefndina. Jafnframt er krafist skriflegra skýringa utanríkisráðuneytisins á því að málið, sem varðar alþjóðlega samninga Íslands, hafi ekki verið lagt fyrir utanríkismálanefnd.

Á fyrri fundum nefndarinnar hefur því verið haldið fram, að Ísland fái stöðu "þriðja ríkis" gagnvart sjávarafurðum ef ekki verði fallið frá undanþágu um innflutning búfjárafurða frá Evrópska efnahagssvæðinu. Gerð er krafa til þess að utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leggi fram samninga og önnur tiltæk skjöl sem staðfesta þá staðhæfingu og upplýsi jafnframt skriflega og staðfesti skjallega hvaða afleiðingar það hafi ef umrætt frumvarp verður ekki leitt í lög fyrir þingfrestun 29. maí nk.

Virðingarfyllt,

Atli Gíslason, alþingismaður.